



Heilsuleikskólinn Álfasteinn

Innra mat 2020 - 2021

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Nám, kennsla og námsumhverfi.....	4
Heilsustefna.....	4
Grænfáni	4
Jákvæður agi	5
Læsisstefna.....	5
Umbótaáætlun.....	6
Skipulag	7
Áætlanir og skipulag.....	7
Umbótaáætlun.....	7
Mannauður	8
Starfsmannasamtöl.....	8
Sí- og endurmenntun.....	8
Umbótaráætlun.....	9
Nemendur.....	10
Teymisfundir.....	10
Líðan nemenda.....	10
EFI 2	10
Hljóm 2	10
Foreldrar.....	10
Foreldrakönnun.....	11
Foreldraráð.....	11
Foreldrafélag.....	11
Sérkennsla skólaárið 2020-2021	12
Skimanir og greiningar	12
Önnur verkefni sérkennslustjóra	14
Umbótaáætlun.....	14
Samstarf við aðra skóla og stofnanir.....	15
Þelamerkurskóli	15
Listasafnið og minjasafnið.....	15
Slökkvilið Akureyrar	15
Öryggismál.....	17
Lóðarskoðun	17
Eldvarnaráætlun og æfingar	17
Vinnuaðstaða kennara og barna	18

Umbótaráætlun.....	18
Lokaorð.....	19

Inngangur

Heilsuleiksskólinn Álfasteinn er ört vaxandi leikskóli rétt utan Akureyrar í Hörgársveit. Hann stendur ofan við þjóðveginn umlukinn trjágróðri og sveitasælu en nafn leiksskólans er dregið af bóndabænum Dvergasteini sem er norðan við Álfastein. Í byrjun skólaársins var leiksskólinn tveggja deilda með Álfa- og Trölladeild, en í lok mars 2021 var þriðja deild skólans, Dvergadeild, opnuð og tekin í notkun. Áætlaðir fjöldi barna fyrir áramót 2021 var um 44 börn en eftir áramót við opnun nýrrar deildar var áætlað að fjöldi barna færi í 50-53 börn. Starfsmenn voru 15 að hausti en fjölgaði í 19 eftir áramót við stækkun skólans og í 21 þegar sumarafleysing bættist við í maí.

Einkunnarorð skólans eru „með sól í hjarta“ og er vísun í heilsustefnu skólans. Lögð er áhersla á bæði andlega og líkamlega heilsu þar sem hreyfing og hollt mataræði skipar stóran sess í daglegu starfi. Leiksskólinn starfar einnig eftir Jákvæðum aga en meginmarkmið Álfasteins taka mið af námssviðinum fjórum sem útlistuð eru í Aðalnámskrá leiksskóla. Þessi markmið eru:

- Að börnin efli leik- og sköpunargleði sína (Sköpun og menning).
- Að börnin hafi virðingu og vináttu að leiðarljósi í samskiptum (Læsi og samskipti).
- Að börnin verði meðvituð og læs á náttúruna og umhverfið (Sjálfbærni og vísindi).
- Að börnin verði meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu (Heilbrigði og vellíðan).

Samkvæmt *Lögum um leiksskóla 90/2008* er leiksskólum skylt að halda utan um innra mat leiksskólustarfsins en þannig metur hver leiksskóli með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólustarfsins með virkri þáttöku starfsmanna, barna og foreldra. Mat á skólustarfi er því órjúfanlegur þáttur í faglegu starfi svo framþróun eigi sér stað. Í *Aðalnámskrá leiksskóla* (2011) kemur fram að með innra mati fær starfsfólk skólans upplýsingar um starfshætti skólans, stuðlað er að umbótum og auknum gæðum auk þess verður það liður í þróun skólustarfsins. Þegar unnið er að kerfisbundnu mati er auðveldara að greina hvað gengur vel, hvað fer miður og taka síðan ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaða.

Nám, kennsla og námsumhverfi

Heilsustefna

Álfasteinn hefur verið heilsuleiksskóli síðan 2013 og starfar innan þess ramma sem því fylgir. Lögð er áhersla á bæði andlega og líkamlega heilsu þar sem hreyfing, hollt mataræði og sköpun skipa stóran sess í daglegu starfi.

Meginmarkmið stefnunnar er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun. Börnunum er boðið upp á fjölbreytta grænmetis- og baunarétti auk þess sem það er fiskur 2 til 3x í viku. Matráður skólans sækist eftir því að kaupa matvöru úr heimabyggð og fær skólinn m.a. kartöflur, grænmeti (þegar það er til) og kjöt innan sveitarfélagsins eins og hægt er.

Í leikskólanum er hreyfing hluti af starfinu og fer starfsfólk leikskólans með börnin í skipulagðar hreyfistundir þar sem fylgst er með hreyfiþroska og færni þeirra í íþróttum en það er allt skráð í tilheyrandi heilsubækur. Markviss skráning í heilsubækurnar fer fram 2x á ári, í afmælistánuði barnsins og sex mánuðum síðar.

Matslisti fyrir heilsustefnuna var fylltur út af starfsfólki vorið 2021. Flestir þættir komu vel út, okkur finnst við þó geta gert betur með því að hafa til staðar meira af skapandi efnivið og að hann sé aðgengilegri börnunum bæði úti og inni. Starfsfólk ræddi einnig að mikilvægt sé að vera meðvitaður um að sköpunarferlið skiptir mestu máli hjá barninu en ekki útkoman. Fram kom að of langt er um liðið síðan leikskólinn hefur boðið upp á námskeið tengt hreyfingu barna.

Grænfáni

Grænfáninn hefur verið hluti af stefnu skólans síðan 2007 en 2008 hlaut skólinn fyrsta grænfánann sinn. Flokkun á rusli, umhverfisvitund og nýting á fjölbreyttum efnivið er samofin starfi skólans en unnið er markvisst að ákveðnum verkefnum sem viðkoma grænfánamarkmiðum sem sett eru fyrir hverju sinni. Börn og starfsfólk skólans taka öll þátt og ákveða í sameiningu markmið fyrir hvert skólaár og hvernig vinna á að þeim markmiðum. Veturinn 2020-2021 var áfram unnið með neyslu og úrgang en skólinn fékk endurnýjun á grænfánum vorið 2021. Þau markmið sem við lögðum upp með og voru sameiginleg voru m.a. að vera með skiptimarkað á fötum, vigta matinn sem við leifum, gera pappírsálf sem hengdur væri við ljósrofa til að minna á ljósanotkun og fleira. Það gekk misvel en fatamarkaðurinn skilaði ekki vænlegum árangri, það var ekki góð þátttaka í honum en

mögulega gæti þurft að halda hann nokkrum sinnum til ná þeim árangri sem sóst er eftir. Vegna covid fór álfurinn á bið þar sem samgangur milli deilda var takmarkaður og þegar átti að fara af stað aftur kom önnur bylgja með tilheyrandi takmörkunum. Á yngri deildinni náðust þau markmið sem sett voru þar, að fá börnin til að smakka allan mat og æfa sig að nota klósett. Á eldri deildinni voru unnin fjölbreytt verkefni og börnin fengin með til að meta hvernig gekk eins og nefnt hefur verið áður hér í skýrslunni. Segja má að sjálfbærni, heilsa og vellíðan séu orðin hluti af hinu almenna starfi í leikskólanum. Leikskólinn er í samstarfi við sundlaugina Þelamörk og fær þar óskilahandklæði sem eru klippt niður í klúta og smekki en lögð er áhersla á endurnýtingu og samvinnu í sveitarfélaginu.

Starfsfólki finnst að skerpa þurfi betur á gildum Grænfánans þar sem mikið af nýju fólki hefur bæst í hóp starfsmanna, auk þess sem of oft voru það þeir sömu sem unnu að markmiðunum sem fyrir lágu.

Jákvæður agi

Jákvæður agi gengur út á að aga börnin með góðvild og festu, gefa þeim valkosti og taka tillit til tilfinninga þeirra og setja í samhengi við þá hegðun sem börnin sýna. Í flestum tilfellum er barnið að reyna að koma einhverju á framfæri með hegðun sinni. Veturinn 2020-2021 var svigrúm til að fá til okkar fyrirlesara og fór allt starfsfólk skólans á tvo fyrirlestra ásamt æfingum um Jákvæðan aga og þau gildi sem eru viðhöfð í stefnunni. Vor 2021 var gátlisti Jákvæðs aga útfylltur af starfsfólki. Þegar á heildina er litið þá gengur þeim sem unnið hafa á Álfasteini til lengri tíma ágætlega að framfylgja stefnunni, þó alltaf sé hægt að gera betur. Mikilvægt er að foreldrar og nýtt starfsfólk fái námskeið og tíma til að læra að nýta stefnuna í starfi.

Læsisstefna

Læsisstefna skólans er byggð á *Læsi er lykillinn* sem er afrakstur þróunarstarfs leik- og grunnskóla á Eyjafjarðarsvæðinu, fræðsluviði Akureyrarbæjar og Miðstöð skólaþróunar við HA. Ekki hefur markvisst verið unnið með stefnuna ennþá sökum framkvæmda við stækkun skólans, fjölgun barna og starfsfólks. Þar af leiðandi hefur annað verið í forgangi líkt og að koma jafnvægi á daglegt starf og kenna nýju starfsfólki á leikskólasamfélagið okkar. Læsisnefnd hefur þó verið sett á laggirnar og er henni ætlað að gera læsisstefnunni hátt undir höfði og auka sýnileika hennar í námi og starfi.

Umbótaáætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Heilsustefna	Að heilsubókin verði á rafrænu formi fyrir alla árganga leikskólans. Fá námskeið fyrir starfsfólk leikskólans tengt hreyfingu barna. Að auka aðgengi að skapandi efnivið.	Minnka þannig pappírnotkun og gera bókina aðgengilegri fyrir foreldra. Auka þekkingu starfsfólks. Bæta aðstöðu svo börnin hafi betri aðgang að skapandi efnivið.	Næstu þrjú vetur þar til allir árgangar hafa fengið rafræna bók. Á næsta starfsári. Til framtíðar.	Deildarstjórar og hópstjórar. Allt starfsfólk. Stjórnendur.	Að hausti, ár hvert fram til 2024. Vor 2022. Vor 2022.	Allir árgangar komnir með rafræna bók árið 2024. Námskeið hafi verið haldið fyrir starfsfólk. Aukinn sköpunaráhugi barnanna.
Grænfáni	Að allir starfsmenn séu meðvitaðir og virkir í grænfánavinnu.	Kynna betur stefnuna fyrir nýju og gömlu starfsfólki.	Allur veturinn.	Grænfánanefnd.	Haust 2021.	Að starfsfólk sé meðvitað að skrá hjá sér og vinna að markmiðum sem hafa verið sett.
Jákvæður agi	Skerpa á agastefnunni.	Minna hver aðra á og gera gildin sýnilegri. Fá námskeið fyrir foreldra og nýtt starfsfólk.	Allur veturinn.	Leikskólastjóri og deildarstjórar.	Haust 2021 til vor 2022.	Að fólk sé meðvitað um hvernig það orðar hlutina og talar til barnanna.
Læsisstefna	Kynna hana fyrir starfsfólki.	Allir starfsmenn kynni sér efni á heimasíðu lykilm@akmennt.is.	Allur veturinn.	Læsisnefnd og deildarstjórar.	Haust 2021.	Að starfsmenn þekki til læsisstefnunnar.

Skipulag

Áætlanir og skipulag

Gefin eru út dagatöl fyrir hvern mánuð og send á foreldra þar sem hægt er að fylgjast með starfinu hverju sinni. Ef einhverjir viðburðir eru fer það allt inn á mánaðardagatal líkt og uppákomudagar, starsemannafundir og námskeiðsdagar. Skóladagatal þar sem hægt er að sjá lokunardaga og uppákomudaga er einnig aðgengilegt inn á heimasíðu skólans auk þess sem það hangir uppi í skólanum. Foreldrafélagið ásamt sveitarstjórn samþykkir að vori skóladagatalið fyrir hvert skólaár.

Haldið er úti *Facebook* síðu þar sem koma inn upplýsingar úr starfinu en einnig er hver deild með sinn hóp inn á *Facebook* þar sem foreldrar fá m.a. upplýsingar úr hópastarfi hjá barninu sínu auk fleiri verkefna sem unnið er að hverju sinni. Þetta höfum við verið að nota í stað tölvupósta sem færu út t.d. 1x í viku eða eittvað þess háttar.

Búin er til matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem tekið er fram hvað skal meta yfir árið og þannig haldið utan um mikilvæga þætti auk þess sem hún er sýnileg er starfsfólki skólans.

Umbótaáætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat: hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Facebook	Að fólk sé duglegra að sýna frá starfinu.	Mínna hvert annað á.	Veturinn 2020-2021.	Allt starfsfólk.	Haut 2021.	Að starfið sé orðið sýnilegra á Facebook.

Mannauður

Starfsmannakönnun hefur ekki verið gerð, en til stendur að fá Skólapúlsinn til að leggja slíka könnun fyrir að vori 2022.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fara fram 1-2x á ári að hausti og vori í spjallformi við leikskólastjóra en annað hvert ár fer fram starfsmannakönnun þar sem starfsmenn svara ákveðnum spurningum um m.a. líðan í starfi í formi útprentaðra blaða sem skilað er til leikskólastjóra. Stefnt er á breytingar á þeim hætti með því að taka upp skólapúlsinn og verður þá könnunin gerð rafræn líkt og foreldrakönnunin.

Starfsmannasamtöl fóru fram í apríl og maí og sýna helstu niðurstöður að fólki þykir gott að starfa á Álfasteini og gaman er í vinnunni en álag í starfi vegna Kórónuveirunnar, veikinda starfsfólks og umstang vegna framkvæmda við nýbyggingu hefur haft talsverð áhrif á fólk. Fólki fannst vanta aukinn fundartíma, sérstaklega vegna stækkunar leikskólans, þar sem miklar breytingar á starfinu og aukin umsvif fylgja slíkri stækkun. Fólk er mjög ánægt með aðstöðuna í húsinu og nýtt starfsfólk hafði á orði að það hefði komið því á óvart hvað mikill vinskapur er milli starfsfólks.

Sí- og endurmenntun

Þrátt fyrir covid ástand í þjóðfélaginu var farið á nokkur námskeið og fyrirlestra sem voru skipulagðir fyrir skólaárið. Við settum okkur fyrir veturinn að fara á nokkur námskeið sem starfsmannahópur. Námskeiðin voru:

- Jákvæður agi – fyrirlestur og æfingar í tveimur hlutum fyrir allt starfsfólk.
- Bætt vinnustaðamenning – fyrirlestur fyrir allt starfsfólk.
- Skyndihjálpi – bók- og verklegt fyrir allt starfsfólk.
- Kynning á MÍÓ – stjórnendur.
- Fyrirlestur um MÍÓ – allt starfsfólk.
- Bragðlaukaþjálfun – fyrirlestur í tölvu fyrir allt starfsfólk.
- Jákvæður agi, grunnnámskeið – allt starfsfólk.
- Einelti – námskeið fyrir allt starfsfólk. Átti að vera en verið að leita að fyrirlesara og færast því yfir á 2021-2022.
- Trúnaðarmannanámskeið fyrir trúnaðarmenn FL og Einingar.
- Öryggisnámskeið – Öryggistrúnaðarmaður.
- Stjórnendanámskeið fyrir deildarstjóra.

Umbótaráætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvar, hvenær	Viðmið um árangur
Kynna stefnur	Að allir nýjir starfsmenn hafi fengið kynningu.	Virkja eldra starfsfólk til að deila þekkingu sinni.	Allur veturinn 2020-2021.	Deildarstjórar og eldra starfsfólk skólans.	Haust 2021.	Að nýtt starfsfólk hafi upplifað að fá almennilega kynningu á starfinu.
Skólapúlsinn	Að fá niðurstöður rafrænar og erfiðara að rekja þær til ákveðins starfsmanns sem gefur fólki tækifæri til að tjá sig nafnlaust.	Gera þetta rafrænt og fá samanburð á landsvísu.	Undirbúningur veturinn 2020-2021.	Leikskólastjóri og aðstoðar leikskólastjóri.	Eftir að könnun hefur verið gerð, síðasta lagi haust 2022.	Að könnun sýni tækifæri til úrbóta og hvað hefur gengið vel.

Nemendur

Teymisfundir

Teymisfundir eru haldnir þegar þurfa þykir eða við úrvinnslu ákveðinna mála og koma þá fleiri að þeim fundum líkt og sérkennslustjóri, skólastjóri, starfsfólk frá fræðslu- og lýðheilsusviði Akureyrarbæjar auk velferðarsviðs.

Líðan nemenda

Við höfum ekki verið að kanna markvisst líðan allra nemenda en hluti af Jákvæðum aga eru barnafundir þar sem hópur barna situr í hring og eitt barn talar í einu um það sem það vill tjá sig um hverju sinni. Elstu börnin eru þó markvisst könnuð að vori og fá þau þá spurningar um líðan og upplifun sína af leikskólanum auk væntinga til grunnskólans. Börnin eru glöð og líður vel og eru flest spennt að fara í grunnskólann.

EFI 2

Öll börn leikskólans eru skimuð með málþroskaprófinu EFI-2 en prófinu er ætlað að greina ef frávik eru í málþroska. Prófið kannar skilning og tjáningu og eru börnin á bilinu 3,6 til 4,0 ára þegar prófið er tekið en ákveðnir kennarar innan skólans prófa börnin þar sem þarf að fara á réttindanámskeið til að mega leggja prófið fyrir. Niðurstöður þessa skólaárs sýndu að flest börnin komu vel út en unnið er markvisst með þau börn sem þarf að styrkja í skilning og tjáningu eftir því sem þörf er á.

Hljóm 2

Hljóm 2 er lagt fyrir elstu börn leikskólans og prófar hljóðkerfisvitund barnanna. Rannsóknir hafa sýnt að slök færni í Hljóm 2 getur verið vísbending um að barn eigi við lestarerfðeika að stríða þegar komið er upp í grunnskólann. Prófið kannar ákveðna þætti líkt og samsett orð, rím, orðhlutaeyðingu ofl. Börnin eru prófuð í september og þeir sem koma slakir út eru prófaði aftur í febrúar til að meta hvort framför hafi orðið eða grípa þurfi til markvissari aðgerða til að styrkja börnin. Niðurstöður Hljóms veturinn 2020-2021 sýndi að 90% barnanna komu út í meðalfærni sem er nokkuð gott.

Foreldrar

Góð samvinna við foreldra er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og eiga foreldrar að fá að hafa áhrif á starfið. Boðið er upp á foreldrasamtöl þar sem farið er yfir líðan barns í skólanum og hvort foreldrar vilji ræða eitthvað sérstakt er varðar barnið þeirra eða skólastarfið.

Foreldrasamtöl fara fram á vorin, í apríl á hverju ári. Þegar barn byrjar í skólanum er miðað

við að þremur mánuðum eftir að barn byrji er foreldrasamtal þar sem farið er yfir hvernig aðlögun gekk og upplifun foreldra er búin að vera. Vegna covid ástands voru viðtöl ekki á réttum tíma þar sem takmarkanir voru á komu foreldra inn í skólann.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun er lögð fyrir foreldra annað hvert ár, á oddatöluári. Hún var lögð fyrir í nóvember 2019 og verður næst haustið 2021 eða í byrjun árs 2022 þar sem stendur til að taka upp skólápúlsinn auk þess sem nýjir foreldrar á nýrri deild verða komnir með frekari reynslu á skólastarfinu og könnunin því marktækari.

Foreldraráð

Haustið 2008 var stofnað foreldraráð í samræmi við ný leikskólalög IV. kafla 11. grein. og eru foreldraráðsmenn jafnframt stjórnarmenn foreldrafélagsins. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, smb. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag

Við leikskólann Álfastein er starfandi foreldrafélagið Álfavinir. Markmið foreldrafélaga er að efla tengsl foreldra við starf leikskólanna og tryggja velferð barnanna sem best. Allir foreldrar/forráðamenn barna verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrafélagsgjald er innheimt með dvalargjaldi leikskólans og er 300 kr. á mánuði í 11 mánuði á ári. Aðalfundur foreldrafélagsins er að hausti ár hvert en vegna covid þá var aðalfundur foreldrafélagsins hafður rafrænn þennan vetur.

Sérkennsla skólaárið 2020-2021

Á Heilsuleiksskólanum Álfasteini starfar sérkennslustjóri í 25% stöðu og í vetur var einnig 55% staða stuðnings við aðra deildina vegna barns sem er með alvarlega málhömlun. Málörvun og framburðarþjálfun var í höndum sérkennslustjóra auk þess sem hann fór með barn nokkrum sinnum til talmeinafræðings á haustönn 2020.

Aðgerðir vegna COVID-19 settu dálítið strik í reikninginn haustið 2020 þar sem nokkur þeirra barna sem sérkennslustjóri hefur komið að mættu ekki í leikskólann í nokkurn tíma þegar mest var um smit á Eyjafjarðarsvæðinu. Sérkennslustjóri var í sambandi við foreldra barnanna og veitti ráðgjöf þegar foreldrar óskuðu eftir því. Hólfaskipting hafði ekki mikil áhrif þar sem sérkennslustjóri var í hólfi með eldri deildinni og gat því unnið með börn t.d. þau sem þurftu málörvun og framburðarþjálfun.

Um áramót fengum við talmeinafræðing, sem var undir handleiðslu, inn í leikskólann einu sinni í viku alveg fram að sumarfrí. Þetta varð til þess að börn sem annars hefðu þurft að bíða eftir þjónustu talmeinafræðings í nokkra mánuði komust að fljótlega eftir afgreiðslu tilvísana á Fræðsluviði Akureyrarbæjar. Hann tók 6 börn sem féllu undir skilmála um greiðslur frá Sjúkratryggingum Íslands og 2 börn fengu 5 tíma hvort sem sveitarfélagið borgaði.

Í lok mars 2021 fékk leikskólinn afhenta nýjustu viðbygginguna og fór þar með úr því að vera 2ja deilda í 3ja deilda leikskóla. Einnig var tekinn í notkun nýr íþróttasalur og sérkennsluherbergi þannig að aðstaða fyrir sérkennslustjóra og talmeinafræðing varð mun betri en áður.

Skimanir og greiningar

Vinnuferli sérkennslumála:

- Deildarstjóri/kennari ræðir við foreldra barns ef ástæða þykir til að athuga eitthvað í proska þess, þeir finna leiðir til að hjálpa barninu, meta hvort þörf er á aðkomu sérkennslustjóra og jafnvel fleiri sérfræðinga
- Sérkennslustjórinn, kennarar og foreldrar vinna saman. Það eru gerðar athuganir eftir þörfum (fylla út lista, taka myndbönd, gera skráningar) og gerð er áætlun þar sem sett eru fram markmið og leiðir að þeim. Unnið er eftir henni í ákveðinn tíma og árangur metinn.

- Ef talin er þörf á greiningu eða aðstoð sérfræðinga, t.d. talmeinafræðinga, er gerð tilvísun og send á Fræðslusvið Akureyrarbæjar ásamt athugunum sem hafa verið gerðar.
- Sérkennsluráðgjafi frá Fræðslusviði getur komið í leikskólann til að fylgjast með og gert athuganir, kennarar gætu þurft að fylla út fleiri lista og foreldrar gætu þurft að fylla út lista, fara í viðtöl og/eða mæta með barnið í athuganir/mat á Akureyri.
(Forgreining)
- Haldinn er fundur þar sem farið er yfir niðurstöður forgreiningar og ákveðið hvað gera skal í framhaldi af því.
- Einstaklingsnámskrá er gerð og teymi myndað sem hittist reglulega (oft á 6-8 vikna fresti). Í teyminu eru foreldrar, kennari, sérkennslustjóri og sérkennsluráðgjafi ásamt fleiri sérfræðingum sem koma að barninu.
- Barninu getur verið vísað í nánari greiningu t.d. á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða BUGL.

Þeir athugunarlistar og greiningartæki sem notuð eru á leikskólanum eru EFI-2 málþroskaskimun, Hljóm-2 (hljóðkerfisvitund), TRAS skráning á málþroska, Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn (mál- og hreyfiþroski), ASEBA (hegðun, samskipti), Íslenski máhljóðamælirinn (athugun á framburði). Sérfræðingar á Fræðslusviði Akureyrarbæjar óska eftir öðrum listum þegar barn er komið í greiningarferli þar ef ástæða þykir til. Talmeinafræðingar gera málþroskapróf.

Frá hausti 2020 til vors 2021 hafði sérkennslustjórinn afskipti af 14 börnum sem gerir um 24% af heildarfjölda barna á Álfasteini eins og hann var í júní 2021. Flest þurftu þau á málörvun og/eða framburðarþjálfun að halda, 2 börn eiga annað foreldri af erlendum uppruna og 1 barn kom illa út úr Hljóm-2 prófinu.

Alls voru 8 börn sem sóttu tíma til talmeinafræðinga og þar sem talmeinafræðingur undir handleiðslu fór að koma í leikskólann var biðin stutt eftir að komast að en 1 barn er þó á biðlista í júní 2021.

Eitt barn er í markvissri vinnu eftir einstaklingsnámskrá, deildin fær stuðning (55% stöðu) og í kringum barnið er teymi sem hittist reglulega. Eitt barn fékk niðurstöður úr sálfræðilegri greiningu haustið 2020, það kom ekkert afgerandi úr því en við fylgjumst með, notum sjónrænt skipulag og leiðir sem notaðar eru með börnum með ADHD. Reglulegir teymisfundir voru haldnir vegna barns sem sýnir kvíðaeinkenni og/eða einhverfueinkenni.

Sérkennsluráðgjafi Fræðsluviðs Akureyrarbæjar hefur komið að málum þessara þriggja barna með ráðgjöf til okkar og foreldra barnanna.

Á vorönn 2021 gripum við inn í hjá tveimur börnum með hegðunarvanda og vanlíðan með því að fá sérkennsluráðgjafa til samvinnu við okkur og foreldra barnanna. Einnig var ein tilvísun send fyrir barn í sálfræðilega greiningu vegna einhverfueinkenna.

Önnur verkefni sérkennslustjóra

- Gerð áætlana og einstaklingsnámskráa, endurmat á þeim.
- Gera athuganir, vinna við tilvísanir, fundargerðir og ýmsar skýrslur tengdar sérkennslumálum
- Fræðsla og ráðgjöf til kennara sem sinna börnunum í daglegu lífi.
- Ráðgjöf og samstarf við foreldra
- Samstarf við stjórnendur leikskólans (leikskólastjóra og deildarstjóra)
- Samskipti við sérfræðinga á Fræðsluviði Akureyrar og samstarf við aðra sérkennslustjóra
- Samskipti við talmeinafræðinga
- Hafa umsjón með námsefni sem tengjast sérkennslu
- Kynnti sér ýmislegt tengt sérkennslu t.d. vefnámskeið um málörvun í leikskóla, efni um einhverfueinkenni hjá stelpum.

Umbótaáætlun

Með stækkandi leikskóla verður erfiðara fyrir skólastjórnendur og sérkennslustjóra að hafa yfirsýn og sinna málum sem koma upp. Áætlað er að gera verkferla sérkennslumála skýrari og kynna þá fyrir samstarfsfólki og foreldrum haustið 2021. Einnig er áætlað að sérkennslustjóri hafi fundi með hverjum deildarstjóra í ágúst/september og janúar/febrúar til að fara yfir stöðu sérkennslumála á hverri deild.

Sérstakt eyðublað hefur verið gert fyrir deildarstjóra/kennara þar sem þeir geta óskað eftir aðkomu sérkennslustjóra að málum barna. Með þessu skriflega bókhaldi er markmiðið að sérkennslustjórinn fái betri innsýn í málin áður en hann kemur að þeim og hafi meiri yfirsýn yfir sérkennslumál leikskólans.

Samstarf við aðra skóla og stofnanir

Þelamerkurskóli

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst. Flest börnin fara í Þelamerkurskóla þegar leikskóladvöl lýkur og því höfum við í samvinnu við Þelamerkurskóla skipulagt samstarf milli skólanna. Farið hefur verið í nokkrar ferðir í íþróttahús Þelamerkurskóla með 3ja til 6 ára börn og að þessu sinni var farið í tvær ferðir að hausti og tvær að vori.

Fimm ára börnin fara í tvær heimsóknir í Þelamerkurskóla á haustönninni. Þá skoða börnin skólann og hitta nemendur og kennara 1. bekkjar, í seinni heimsókninni eru þau inní kennslustofu með 1. bekk í ýmsum verkefnum. Á vorönninni eru svo einnig tvær heimsóknir. Í þeirri fyrri eru börnin í kennslustund með 1. bekk, fara í frímínútur og taka þátt í ávaxtatíma, og í seinna skiptið fara þau í íþróttir eða tónlistartíma og borða hádegismat í skólanum. Á vorönninni kemur 1. og 2. bekkur í heimsókn í leikskólann og að þessu sinni var horft á leikrit og leikið saman. Í maí fara 5 ára börnin með foreldrum sínum í heimsókn í skólann og var það gert eins og til stóð. Á skólaslitum grunnskólans bjóða eldri bekkingar og skólástjóri þau svo formlega velkomin sem verðandi fyrstu bekkinga næsta haust.

Sökum covid og samkomutakmarkana hefur samstarf milli skóla ekki verið eins mikið og venja er sem er miður, vonandi gengur það betur á næsta skólaári.

Listasafnið og minjasafnið

Farið var á listasafnið með elsta árganginn, þar sem þau fengu að skoða sýningu og læra að teikna beina og bogna línu og teikna sín eigin listaverk, sem hengd voru upp þegar heim var komið. Elsti árgangur leikskólans fór einnig í Nonnahús og fengu að sjá hvernig fólk bjó í gamla daga.

Slökkvilið Akureyrar

Slökkvilið Akureyrar hefur um árabíl sinnt því verkefni að veita elstu börnum leikskólans fyrstu fræðslu um eldvarnir. Eldvarnarfulltrúi kemur í heimsókn að hausti ásamt slökkviliðsmanni í fullum skruða á slökkviliðsbíl. Börnin fá að skoða slökkviliðsbílinn, sagt er frá mikilvægi eldvarna og þeim afhent efni sem nýtist til innra eftirlits í eldvarnarmálum á leikskólanum. Börnin sinna innra eftirliti með aðstoð Loga og Glóðar en börnin fara með

gátlista um leikskólabygginguna og merkja við hvort allt sé eins og það á að vera líkt og að ljós lifi við neyðarútgang, ruslasöfnun sé í lágmarki og ekkert sé fyrir neyðarútgöngum. Við sinntum þessum þætti eins og áður. Að vori fara svo elstu börnin ásamt kennara í heimsókn á Slökkvistöðina á einskonar uppskeruhátíð þar sem eru grillaðar pylsur og sprellað með börnunum, en því miður hitti uppskeruhátíðin að þessu sinni á skipulagsdag hér á Álfasteini.

Öryggismál

Húsvörður Hörgársveitar sér um svokallaða rekstrarskoðun á útileiksvæði leikskólans á þriggja mánaða fresti. Einu sinni á ári fer fram aðalskoðun á útileiksvæði leikskólans sem framkvæmd er af starfsmanni BSI, samkvæmt reglugerð 942/ 2002 um öryggi leikvallatækja. Það hefur þó ekki verið gert undanfarin ár vegna mikilla framkvæmda á lóð leikskólans þ.e. byggingar starfsmannaálmú og þriðju deildarinnar. Starfsmaður frá BSI kom þetta skólaár og tók út leiksvæðið en opnaður var nýr hluti lóðar þar sem lokahönd var sett á sér svæði fyrir ungbarnadeildina haustið 2020. Skoðunin kom vel út og samræmist öryggisstöðlum.

Starfsmaður frá Eldvarnareftirliti skoðar húsnæði leikskólans að hausti ár hvert, þá er skoðað hvort slökkvitæki og eldvarnarteppi séu í lagi, neyðarljós séu virk og neyðarútgangar séu opnir. Í húsinu er brunaviðvörðunarkerfi sem tengt er Securitas en það er yfirfarið af Ljósgefjafanum einu sinni á ári ásamt neyðarljósum. Starfsmaður frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra kemur einu sinni á ári í leikskólann og skoðar húsnæði, húsbúnað skólans og útileiksvæði.

Einn starfsmaður skólans er kosinn öryggisvörður og sér hann um að allt sé til fyrirmyndar líkt og skipurit um flóttaleiðir ef eldur kviknar, skipurit um verkferla þegar áföll koma upp og fleira sem viðkemur öryggi starfsfólks og barna í húsinu.

Lóðarskoðun

Líkt og fram kom hér að ofan fer húsvörður sveitarfélagsins yfir lóðina á þriggja mánaða fresti en einnig fer starfsmaður skólans á hverjum degi og yfirfer lóðina hvort eitthvað rusl eða annað sem talist gæti verið skaðlegt fyrir börnin sé á lóðinni. Í forstofu eldri deilda hangir uppi blað sem sá starfsmaður sem er fyrstur út fyllir inn á hvort lóðin hafi verið skoðuð og ef eitthvað fannst á lóð hvers kyns það var.

Einu sinni á ári kemur starfsmaður á vegum BSI og tekur aðalskoðun á lóðinni út frá öryggis sjónarmiðum. Nokkrar athugasemdir komu en margar þeirra tengdust leiktækjum sem voru fjarlægð í sumar. Nokkrar breytingar voru gerðar á landslagi leikskólalóðarinnar, hún var stækkuð lítillega, tré felld og ný girðing sett. Einnig voru keyptar nýjar rólur sem börnunum líkar mjög vel við.

Eldvarnaráætlun og æfingar

Einu sinni á ári er haldin brunaæfing en þá æfir starfsfólk og börn sig í að drífa sig út á tilheyrandi svæði samkvæmt skipuriti. Allir fara út eins og þeir standa líkt og um alvöru eld væri að ræða og í framhaldi af því er hægt er að meta hvernig rýming tókst og vinna að

úrbotum ef þurfa þykir. Gerð var ný öryggi- og rýmingaráætlun þar sem húsið stækkaði um vorið.

Vinnuaðstaða kennara og barna

Vinnueftirlitið kom þennan vetur og tók út aðstöðuna. Við fengum mikið hrós og þykir aðbúnaður til fyrirmyndar fyrir bæði börn og starfsfólk. Við fengum athugasemd um að öryggistrúnaðarmaður þyrfti á námskeið auk þess að upp á vantaði að útbúa áætlun um öryggi og hollustuhætti og fengum við tíma fram á vorið til að koma því í lag.

Umbótaráætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrðgar aðili/ar	Endurmat; hvar, hvenær	Viðmið um árangur
Áætlun um öryggis og hollustuhætti	Að fyrirbyggja og draga úr hættu á slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni sem starfsfólk getur orðið fyrir við störf sín.	Að búa börnum og starfsfólki öruggt umhverfi.	Fyrir 1. apríl 2021 og kynna fyrir starfsfólki í maí 2021 og ár hvert eftir það.	Leikskóla stjóri.	Ár hvert.	Að skýrslan sé tilbúin á tilsettum tíma.
Öryggistrúnaðarmaður fari á námskeið í vinnuvernd	Að starfsmaður fái þjálfun og sé betur í stakk búinn að sinna öryggismálum.	Fara á öryggisfulltrúa námskeið.	Vetur 2020-2021.	Leikskóla stjóri.	Að vori ár hvert.	Að starfsmaður sé öruggur í hlutverki sínu.

Lokaorð

Heilt yfir gekk starfið vel þetta árið þrátt fyrir mikið álag við stækkun leikskólans og ónæðis af þeim völdum. Mikið hefur mætt á starfsfólki og þá sérstaklega leikskólastjóra þar sem verkefni sem fylgja stækkun eru mörg og umfangsmikil. Við höfum lagt okkur fram um að framkvæmdirnar hafi sem minnst áhrif á barnahópinn og teljum að það hafi tekist. Fyrst var farið af stað í framkvæmdir 2018 og hefur verið nánast óslitið síðan þar sem byggð hefur verið starfsmannaðstaða, ný deild og íþróttasalur. Einnig voru endurbætur á lóð sem þurfti að mæta með takmörkunum á lóðarsvæði. Með tilheyrandi stækkun fjölgaði starfsfólki sem þurfti að þjálfa og aðlaga að leikskólanum og opnaði ný deild í mars 2021. Við tókum því á móti mörgu nýju starfsfólki, börnum sem hófu leikskólagöngu sína og fjölskyldum þeirra. Áfram stækkar skólinn með fjölgun íbúa sveitarinnar og því útséð að framvæmdir við skólann munu halda áfram á komandi árum.

Þó má segja að þrátt fyrir allt hefur gengið ótrúlega vel, barnahópurinn sýnir gleði og ánægju í skólanum sem er fyrir öllu og starfsfólkið er samheldið og jákvætt sem er ótrúlega dýrmætt í svona verkefnum sem hafa verið.

Hugrún Hermannsdóttir haust 2021